

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bann við bifreiðastöðum á eftirtöldum stöðum verður afnumið:

1. Pverholti að austanverðu norðan Stórhólts.
2. Barónsstíg að vestanverðu frá Skúlagötu að Hverfisgötu.
3. Garðastræti að austanverðu frá Öldugötu að Ránargötu.

Bann við vinstri beyju af Laugarnesvegi til austurs í Laugaveg verður afnumið.

Heimilt verður að leggja bifreiðum vinstra megin við akstursstefnur á eftirtöldum einstefnuakstursgötum:

1. Vitastíg að austanverðu frá Laugavegi að Njálsgötu.
2. Frakkastíg að vestanverðu frá Grettisgötu að Laugavegi.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. mars 1983.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. auglýsingu nr. 88 2. febrúar 1981 og auglýsingu nr. 219 23. apríl 1982 um breyting á henni.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar:

84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 101 31. desember 1982 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.